

LÖG ÍHÍ

Lög Íshokkísambands Íslands (ÍHÍ)

1. gr.

Heiti sambandsins er Íshokkísamband Íslands, skammstafað ÍHÍ, og er æðsti aðili um öll mál íshokkííþróttarinnar innan vébanda Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ). ÍHÍ er aðili að Alþjóða Íshokkísambandinu, IIHF. Aðsetur ÍHÍ og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

ÍHÍ er samband héraðssambanda og íþróttabandalaga (íshokkísérráða). Öll héraðssambönd og íþróttabandalög ÍSÍ, sem hafa innan sinna vébanda félög er iðka, æfa og keppa í íshokki geta orðið aðilar að ÍHÍ.

3. gr.

Hlutverk ÍHÍ er í meginatriðum eftirfarandi:

- Að vinna að stofnun nýrra sérráða og efla á annan hátt íshokkííþróttina í landinu.
- Að setja nauðsynlegar reglur, löggilda dómara, ráðstafa landsmótum og skrá tölfræðiupplýsingar og staðfesta met.
- Að vera fulltrúi íshokkííþróttarinnar gagnvart útlöndum og sjá um að reglur varðandi íþróttina séu í samræmi við alþjóðareglur.

4. gr.

Málefnum ÍHÍ er stjórnað af :

- Íshokkíþingi
- Stjórn ÍHÍ

5. gr.

Reikningsár ÍHÍ er almanaksárið.

6. gr.

Íshokkíþing fer með æðsta vald í málefnum ÍHÍ og skal það haldið annað hvert ár á tímabilinu 1. mars til 31. maí. Þingið sitja fulltrúar frá þeim íþróttabandalögum og héraðssamböndum sem mynda ÍHÍ. Fulltrúafjöldi hvers aðila fer eftir fjölda keppnisflokka sem tekið hefur þátt í [mótum á vegum ÍHÍ](#)

Í Íslandsmótum á nýliðnu tímabili. næsta heila tímabili á undan.

a) Fyrir hvert keppnislið í meistaraflokkki karla og kvenna koma 2 fulltrúar.

b) Fyrir ~~hvert~~ að setja fram keppnislið í U8 til U20 ~~1. til 7. flokki fæst kemur~~ 1 fulltrúi fyrir hvern aldursflokk, óháð fjölda liða í hverjum aldursflokk.

c) Stjórn hvers héraðssambands/íþróttabandalags, sem hefur íshokki innan sinna vébanda, skal þó eiga rétt á einum fulltrúa sem hefur málfrelsi og tillögurétt, á sérsambandsþing til viðbótar við fulltrúa félaga innan viðkomandi héraðssambands/íþróttabandalags.

Íshokkiþing skal boðað með auglýsingu og/eða tilkynningu með eigi minna en eins mánaðar fyrirvara. Fundarboð skal senda héraðssamböndum og íþróttabandalögum. Málefni sem sambandsaðilar óska að tekin verði fyrir á þinginu skulu berast skrifstofu tjórn ÍHÍ minnst þremur vikum fyrir þing. Eigi síðar en

tveimur vikum fyrir þingið skal senda sambandsaðilum skriflegt fundarboð (síðara fundarboð) með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja

á fyrir þingið. Afrit af bæði fyrra og seinna fundarboði skal sent aðildarfélögum ÍHÍ. Þingið getur þó tekið fyrir mál, borin upp með styttri fyrirvara, að fengnu samþykki 2/3 hluta þingfulltrúa. Íshokkiþing er lögmætt ef löglega hefur verið til þess boðað.

7. gr.

Á Íshokkiþingi hafa fulltrúar einir atkvæðisrétt, en rétt til setu á þinginu, með málfrelsi og tillögurétt hafa:

a) Stjórn ÍHÍ

b) Heiðursformaður og heiðursfélagar

c) Framkvæmdastjórn ÍSÍ

d) Fastráðnir starfsmenn ÍHÍ og ÍSÍ.

e) Allir nefndaraðilar ÍHÍ

Auk þess getur stjórn ÍHÍ boðið öðrum aðilum þingsetu ef hún telur ástæðu til.

Allir fulltrúar skulu tilgreindir á kjörbréfi frá viðkomandi sambandsaðila og skal skila kjörbréfum við upphaf þinghalds. Hver fulltrúi fer með eitt atkvæði en getur auk þess farið með annað atkvæði, samkvæmt skriflegu umboði þess sambandsaðila sem að hann er fulltrúi fyrir. Við afgreiðslu almennra mála og í kosningum, ræður einfaldur meirihluti atkvæða viðstaddra atkvæðisbærra fulltrúa, en til lagabreytinga þarf 2/3 hluta sömu fulltrúa.

8. gr.

Dagskrá Íshokkiþings skal vera eftirfarandi:

1. Þingsetning

2. Kosning 3 aðila kjörbréfanefndar.

3. Kosning þingforseta.
 4. Kosning 1. og 2. þingritara.
 5. Skýrsla stjórnar lögð fram.
 6. Endurskoðaðir reikningar sambandsins lagðir fram.
 7. Umræður og samþykkt reikninga.
 8. Ávarp gesta.
 9. Fjárhagsáætlun næsta árs lögð fram.
 10. Kosning þingnefnda.
 11. Lagabreytingatillögur.
 12. Aðrar tillögur sem kynntar voru í fundarboði.
 13. Teknar fyrir tillögur og önnur mál sem lögð hafa verið fyrir þingið og þingmeirihluti leyfir.
 14. Þingnefndir starfa.
 15. Þingnefndir gera grein fyrir störfum sínum.
 16. Umræður og atkvæðagreiðsla um lagabreytingatillögur og framkomin mál.
 17. Kosningar:
 - a) Stjórn og varastjórn, sbr. 10. grein
 - b) Tveir skoðunarmenn reikninga
 - c) Fulltrúa á Íþróttahótel ÍSÍ, skv. lögum ÍSÍ, á því ári sem Íþróttahótel ÍSÍ fer fram.
 18. Þingslit.
- ~~Allar kosningar skulu vera skriflegar nema aðeins sé stungið upp á jafnmörgum og kjósa skal.~~ Formanns og stjórnarkosningar skulu vera skriflegar.

9. gr.

Aukaþing má halda ef nauðsyn krefur eða ef helmingur aðila ÍHÍ óska þess. Allur boðunar- og tilkynningarfrestur til aukaþings má vera helmingi styttri en

til reglulegs þings. Fulltrúar á aukaþingi eru þeir sömu og voru á næsta reglulega þingi á undan og gilda sömu kjörbréf. Þó má kjósa að nýju í stað fulltrúa sem er látinn, veikur eða forfallaður á annan hátt. Á aukaþingi má ekki gera lagabreytingar og ekki kjósa stjórn nema bráðabirgðastjórn, ef meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum, eða stjórnin að eigin dómi orðið óstarfhæf. Að öðru leyti gilda um aukaþing sömu reglur og um reglulegt íshökkíþing.

10. gr.

Stjórn ÍHÍ skal skipuð 5 aðilum. Kjósa skal bundinni kosningu, fyrst formann og síðan aðra stjórnaraðila. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Kjósa skal 3 aðila í varastjórn ÍHÍ. Tilkynningar um framboð til stjórnar skulu berast

skrifstofu ÍHÍ eigi síðar en 2 vikum fyrir Íshökkíþing. Stjórn ÍHÍ er heimilt að framlengja framboðsfrest um eina viku. Aðilar sem kosnir eru í stjórn ÍHÍ geta ekki jafnhliða setið í stjórn íshökkíðeilda aðildarfélaga.

11. gr.

Helstu störf stjórnar ÍHÍ eru:

- a) Að framkvæma ályktanir og samþykktir íshökkíþings.
 - b) Að annast rekstur ÍHÍ.
 - c) Að vinna að eflingu íshökkís.
 - d) Að semja leikreglur og reglugerðir fyrir íshökkíþróttina.
 - e) Að sjá um að farið sé eftir viðurkenndum reglum, lögum ÍHÍ og fyrirmælum íshökkíþings.
 - f) Að ákveða stund og stað fyrir íshökkíþing.
 - g) Að senda framkvæmdastjórn ÍSÍ lögboðnar skýrslur og tilkynningar.
 - h) Að koma fram erlendis fyrir hönd íshökkíþróttarinnar á Íslandi.
- Stjórn ÍHÍ er heimilt að ráða launað starfsfólk.

12. gr.

Ársskýrslur og ársreikningar sambandsaðila ÍHÍ skulu berast á tölvutæku formi til ÍHÍ fyrir 15. apríl ár hvert.

13. gr.

Stjórn ÍHÍ skal í enda þess keppnistímabils sem leikið er eftir íshökkíþing, upphafi keppnistímabils, þau ár sem ekki eru haldin Íshökkíþing, boða til fundar með formönnum þeirra félaga sem aðild eiga að ÍHÍ. Fundurinn skal boðaður, skriflega eða á annan sannarlegan hátt, með tveggja vikna fyrirvara. Hlutverk formannafunda er að staðfesta leikreglur, reglugerðir og vera stjórn ÍHÍ á annan hátt til ráðgjafar. Atkvæðavægi á formannafundi skal vera það sama og á næstliðnu Íshökkíþingi.

14. gr.

Stjórn ÍHÍ skal hafa frjálsan aðgang að öllum íshökkímótum sem fara fram innan vébanda ÍHÍ.

15. gr.

Aðilar Aðildarfélög að ÍHÍ skulu tilkynna stjórn ÍHÍ um aðalfundi sína og skal einn fulltrúi frá ÍHÍ eiga rétt á fundarsetu.

16. gr.

Félagaskipti skulu fara fram í samræmi við móta- og keppendareglur ÍHÍ.

17. gr.

Um öll ágreiningsmál er upp kunna að koma innan íshokkííþróttarinnar skal farið með skv. kafla 4 í lögum ÍSÍ, um dómstóla ÍSÍ.

18. gr.

Myndmerki ÍHÍ er hliðarmynd af fálka í bláum og rauðum lit á ljósbláum grunni. Undir fálkanum er táknmynd um ís og undir ísnum kraumar eldur. Í merkinu er texti sem getur verið breytilegu eftir notkun; „ÍHÍ, Ice Hockey Iceland, Iceland, Ísland“

19. gr.

Heiðursfélaga ÍHÍ má kjósa á íshokkíþingi. Heiðursfélagar ÍHÍ hafa rétt til setu á íshokkíþingum með málfrelsi og tillögurétt.

20. gr.

Heiðursformann ÍHÍ má kjósa á íshokkíþingi, ef 4/5 mættra þingfulltrúa samþykkja kjörið. Heiðursformaður ÍHÍ kemur fram fyrir hönd sambandsins, þegar stjórn þess eða formaður kunna að óska og fela honum það.

21. gr.

Tillögur um að leggja ÍHÍ niður, má aðeins taka fyrir á lögmætu íshokkíþingi. Til þess að samþykkja slíka tillögu þarf minnst $\frac{3}{4}$ hluta atkvæða. Hafi slíka tillaga verið samþykkt, skal gera öllum aðilum ÍHÍ grein fyrir henni í þingskýrslunni og tillagan síðan látin ganga til næsta reglulega þings. Verði tillagan þá samþykkt aftur er það fullgild ákvörðun um að leggja ÍHÍ niður.

22. gr.

Sé ÍHÍ þannig löglega slitið, skal afhenda ÍSÍ eignir ÍHÍ til varðveislu.

23. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar framkvæmdastjórn ÍSÍ hefur staðfest þau.

Þannig lagt fram á Íshokkíþingi, maí 2025